

Ed.

418. Nefndarátt

um flóabátastyrk 1925.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir kynt sjer tillögur meiri og minni hluta samgöngumálanefndar neðri deildar um útblutun flóabátastyrks fyrir árið 1925. Tillögur þessar voru gerðar með það fyrir augum, að 60000 eða 65000 krónum yrði varið i þessu skyni; síðan hefir styrkurinn verið hækkaður upp í 70000 krónur.

Vill nefndin þegar geta þess, að hún er samþykk báðum hlutum samgöngumálanefndar neðri deildar um það, að undanfarið hafi alt of miklu af flóabátastyrknum verið varið til Borgarnesferðanna, þó hún hinsvegar álíti ekki hægt að komast af með þá upphæð, er minni hluti þeirrar nefndar vill, að varið sje næsta ár til ferðanna.

Álitur nefndin hæfilegt, að til Borgarnesferða sje varið 25 þús. krónum, en þó því að eins, að skip það, er þess styrks kann að njóta, annist ferðir þær, sem óhjákvæmilegar eru til hafnanna á sunnanverðu Snæfellsnesi án aukastyrks fyrir þær.

Nefndin vill hækka dálítið styrk til Skaftfellingabáts, sem telja má einna helst styrks þurfandi af opinberu fje, vegna þess, að sá bátur (»Skaftfellingur«) er að nefndarinnar álíti til ómetanlegs gagns fyrir samgöngurnar á sjó við Skaftfellssýslur, sem ásamt Rangárvallasýslu eru hafnlausastar af öllum sýslum landsins, og eiga því örðugast með alla vöruflutninga til og frá.

Rangárvallasýsla hefir undanfarið fengið sjerstakan styrk til bátaferða milli Vestmannaeyja og lands, og telur nefndin sjálfsgagt, að sá styrkur sje látinn

haldast að einhverju leyti, en það skal tekið fram, að nefndin álitur sýslunefnd Rangárvallasýslu vera það heimilt að greiða styrk þennan eða hluta af honum til Skaftfellingabáts, ef samkomulag yrði milli Rangæinga og Skaftfellinga nm sjerstakar viðkomur Skaftfellingabáts við Rangársand á einum eða fleiri stöðum í notum þess styrks, sem ætlaður er til Rangársandsbáts.

Pegar Breiðafjarðarbátur er losaður við hafnirnar á sunnanverðu Snæfellsnesi, eins og meiri hluti samgöngumálanefndar neðri deildar vill, og nefndin einnig hefir tekið fram, að hún vill setja sem skilyrði fyrir áður nefndri styrkveitingu til Faxaflóabáts, að hann þar með taki þessar hafnir að sjer, virðist mega færa styrkinn til Breiðafjarðarbáts að mun niður, og er nefndin í því samála meiri hluta samgöngumálanefndar neðri deildar.

Til ferða um Ísafjarðardjúp vill nefndin verja 14000 kr., og er það nokkru minna en meiri hluti samgöngumálanefndar neðri deildar, en ölln meira en minni hluti sömu nefndar vildi verja til þessara ferða.

Hornafjarðarbát vill nefndin styrkja þeirri upphæð, er minni hluti samgöngumálanefndar leggur til, þó þannig, að af þeirri upphæð sjeu bátsferðir á Lagarfjótí einnig dálítið styrktar, eftir tillögum hlutadeigandi sýslnefnda, eins og yfir höfnð alstaðar þar, sem svo stendur á, að fleiri en einn bátur annast ferðir, sem ein upphæð er veitt til.

Þá eru ótaldir Grímseyjarbátur og Hvalfjarðarbátur. Nefndin álitur, að eigi megi niður falla styrkveiting til þessara ferða, og hefir því leyft sjer að taka þær upp í tillögur sínar.

Samkvæmt framansögðn leyfir nefndin sjer að leggja til, að flóabátastyrk 1925 verði úthlutað sem hjer segir:

Til Faxaflóabáts (»Snðurland«)	kr. 25000
— Ísafjarðardjúpsbáts	14000
— Breiðafjarðarbáts (»Svanur«)	8000
— Skaftfellingabáts (»Skaftfellingur«)	15000
— Rangársandsbáts	1500
— Hornafjarðar-(Austfjarða)-báts	5000
— Grímseyjarbáts	900
— Hvalfjarðarbáts	600
Samtals	kr. 70000

Alþingi, 19. apríl 1924.

Eggert Pálsson,
formaðnr.

Einar Árnason.

Jóhann P. Jósefsson,
fundaskr. og frsm.

Gnðm. Ólafsson.

Hjörtur Snorrason.